

Samkeppni um listaverk tengd Kárahnjúkavirkjun

Landsvirkjun ákvað á sl. ári að efna til samkeppni um útilistaverk tengd Kárahnjúkavirkjun annars vegar við Kárahnjúka og hins vegar við stöðvarhúsið í Fljótisdal. Í Fljótisdal var ákveðið að óska eftir tillögum frá listamönnum undir dulnefni. Síðan voru nokkrar tillögur valdar til úrvinnslu. Við Kárahnjúka var auglýst eftir umsækjendum og fjórir valdir til að gera tillögur undir nafnleynid.

Í Fljótisdal fólst verkefnið í því að gera tillögu að útilistaverki sem komið yrði fyrir á og/eða við mannvirki tengd Fljótisdalsstöð undir Teigsbjargi í Fljótisdal. Sjálf afstöðin er í berghvelflingu um kílómetra inni í fjallinu. Verkinu er ætlað að vera hluti af því sem mótar stöðund húsanna og nánasta umhverfis þeirra. Staðsetning listaverksins var opin að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa.

Við Kárahnjúka fólst verkefnið í því að gera tillögu að útilistaverki sem komið yrði fyrir á svæðinu þar sem stíflur Kárahnjúkavirkjunar mynda Hálslón. Verkinu er ætlað að vera hluti af því sem mótar ásynd svæðisins og mannvirka þar. Staðsetning listaverksins var frjáls. Æskilegt var þó talið að listaverkið yrði þannig staðsett að verkið nyti sín vel og væri aðgengilegt ferðamönnum og öðrum þeim sem eiga erindi um hálendið í nágrenni Hálslóns.

Niðurstöður dómnefndar og umsögn um listaverk í Fljótisdal

Dómnefndin leggur til að verkin „Orkuteningur“ og „Eilífðardraumur“ verði útfærð frekar. Verði þau sett upp á staðnum er það mat dómnefndar að Fljótisdalsstöð verði skemmtilegur viðkomustaður. Þessu til viðbótar leggur dómnefnd til að verkið „Veðurómur“ verði útfært nánar, jafnvel mætti fylgjast með veðurtónlistinni á netinu og færa þannig hálendið nær almenningi.

Umsögn um Eilífðardrauminn



Tillaga höfundar býður upp á margræðni og mótsagnir sem upphelja hver aðra við nánari skoðun.

Bátur hlaðinn farni nútíma og væntinga siglir móti straumi og stefnir inn í útfallsgöng stöðvarhússins. Staðsetningin er snjöll; verkið nýtur sín afar vel af veginum að stöðvarhúsinu og vekur strax forvitni gesta. Einföld og snjöll hugmynd sem opnar margar túlkunarmöguleika.

Umsögn um Orkuteninginn



Höfundurinn gerði tillögu um að reisa verkið ofan á tengivirkishúsinu. Snjöll hugmynd sem fellur vel að byggingum á svæðinu. Samspil verksins við tækni og náttúru er athyglisvert sjónarspil þar sem ljósi og myndum frá Hálslóni er varpað á glerveggi verksins.

Umsögn um Veðuróm




Hugmyndin að baki verkinu er snjöll; notast er við veðurmæla við Hálslón sem senda upplýsingar til tölu sem túlkar mismunandi gildi á hverjum tíma og umbreytir í hljóð og tóna sem hljóða má í útvarpi í nágrenninu. Heillandi hugmynd sem færir okkar ástkæra umtalsefni, veðrið, í nýjan búning og vikkar skilning okkar á því með því að færa það í hljóðrænan búning.

Niðurstöður dómnefndar og umsögn um umhverfislistaverk við Kárahnjúka

Eftir heimsókn sína á virkjunarsvæðið var dómnefnd einhuga um að listaverk við Kárahnjúkastíflu þyrfti að falla vel að umhverfinu en þó setja mark sitt á það. Að mati dómnefndar uppfyllir verkið „Hringiða“ þessar kröfur og leggur dómnefnd því til að það verði útfært frekar og framkvæmt.

Umsögn um Hringiðu



Verk sem sett er upp á þremur stöðum sem kallast á sjónrænt og hugmyndalega. Formið er einfalt og fagurt. Efnisvalið á vel við á þessum stað. Uppsett gæti verkið láðað gesti til að fara í göngu milli hinna þriggja stíflna sem mynda Hálslón og myndar þannig hugræna tengingu milli viðkomustaða. Þeir staðir sem höfundur velur verkinu eru allir í nokkrum halla og veður því að vanda til frágangs.

Dómnefnd

Frá Landsvirkjun: Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Friðrik Sophusson og Ormar Þór Guðmundsson.
Tilnefndir af SÍM: Ágústa Kristófersdóttir og Ingimar Ólafsson Waage.
Trúnaðarmaður dómnefndar var Tryggvi Þórhallsson. Samkeppnisreglur SÍM giltu um samkeppnina.

Landsvirkjun stefnir að því að setja upp öll þau fjögur listaverk sem dómnefndin mælir með.